



Fundargerð

5. fundur stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 29. júní.

Mætt: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Valsson og Jóney Gylfadóttir verkefnastjóri FRÍ

Sonja Sif Jóhannsdóttir, Lovísa Hreinsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Helgi S. Haraldsson sátu ekki fund.

Formaður setti fund 17:20 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Rædd var og samþykkt eftirfarandi tillaga formanns að verkaskiptingu aðalstjórnar:

Formaður: Freyr Ólafsson

Gjaldkeri: Guðlaug Baldvinsdóttir

Ritari: Lóa Björk Hallsdóttir

Varaformaður: Fríða Rún Þórðardóttir

Meðstjórnandi: Gunnar Svavarsson

Samþykkt var að tengiliðir úr stjórn yrðu eftirfarandi:

Freyr Ólafsson	Íþrótt- og afreksnefnd
Guðlaug Baldvinsdóttir	Öldungaráð
Fríða Rún Þórðardóttir	Unglinganefnd
Lóa Björk Hallsdóttir	Íþróttamannanefnd
Gunnar Svavarsson	Laganefnd
Helgi Sigurður Haraldsson	Dómaranefnd
Eiríkur Mörk	Móta- og mannvirkjanefnd
Björg Ágústsdóttir	Útbreiðslu- og fræðslunefnd
Lovísa Hreinsdóttir	Skráningarnefnd
Sonja Sif Jóhannsdóttir	Langhlaupanefnd

Endurskoðað eftir þörfum að fjórum mánuðum liðnum.



3. Meistaramót Íslands - endurúthlutun

Fjallað var um umsókn UFA um að halda 90. Meistaramót Íslands á Þórsvelli á Akureyri. Samþykkt. Einnig samþykkt að senda eftirfarandi ályktun til Þórs, Breiðabliks og bæjarráða Akureyrar og Kópavogs.

Stjórn Frjálssíþróttasambands Íslands hvetur sveitarfélög landsins til dáða er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhald á íþróttamannvirkjum. Tilefnið er bréf frjálssíþróttadeildar Breiðabliks sem verður, í ljósi vallaraðstæðna í Kópavogi, að undangangast því að halda aðalhluta Meistaramóts Íslands 23.-24. Júlí n.k. á Kópavogsvelli. Um leið fagnar stjórnin því framtaki Ungmennafélags Akureyrar, UFA, að bjóðast til þess með skömmum fyrirvara að halda mótið á Akureyri í samvinnu við bæjaryfirvöld og heimamenn. Það er von stjórnar FRÍ að hægt verði að gera ráð fyrir keppnisaðstæðum í Kópavogi sumarið 2017 þ.a. Breiðablik og Kópavogsbær geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálssíþróttafólks frá öllum landshlutum. Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarfsemi er ómetanlegur enda er gildi íþróttanna einn af meginstoðum sterks samfélags.

4. Smáþjóðaleikar 2017

Fyrirspurn komin frá ÍSí varðandi væntan fjölda keppenda. Málið var rætt en samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum um staðfesta kostnaðarþátttöku FRÍ í leikunum áður en hægt er að taka afstöðu.

5. Fjáröflunarverkefni vegna EM og NM

Rætt um mögulegar söluvörur sambandsins fyrir EM og NM U20. Verkefni á upphafsreit, verður skoðað milli funda.

6. Yfirlit yfir stöðu, ábyrgð og framgang helstu verkefna

- Afreksstefna FRÍ - Staða og næstu skref (#37). Staða þessa verkefnis hefur verið kynnt ÍSí. Rætt var um að taka upp þráðinn á ný í haust, dagsetning ekki fest.
- NM U20 í Hafnarfirði og framgangur. (#28). Rætt var um skipun starfsnefndar vegna verkefnisins. Mikilvægt að ná saman undirhópum og skerpa ábyrgð sem fyrst, t.d. á tæknimálum. Samþykkt að Eiríkur Mörk verði formaður framkvæmdanefndar mótsins.
- Birting gagna frá þingi, þinggerðir reglugerðir og fréttatilkynningar! (#32). Mikilvægt að loka þessu máli. Starfsnefnd vinnur áfram með málið áður en verður sent á verkefnastjóra á skrifstofu og laganefnd.

7. Staða á skrifstofu

Formaður gerði grein fyrir stöðu varðandi framkvæmdastjóra. Formanni falið að vinna áfram í málinu.

8. Önnur mál

- a) Rætt var um úthlutun FRÍ úr afrekssjóði ÍSí. FRÍ hefur ábyrgð á styrkjum og þarf að fylgja eftir að verkefnum íþróttamanna sé fylgt eftir. Enginn afreksstyrkur er beinn styrkur íþróttamanns. Mikilvægt er að þetta sé skýrt fyrir afreksmönnum.



- b) Í framhaldi af ofangreindu þarf að ræða þríhliða samninga um verkefni afreksmanna með félögum sínum.
- c) Gjaldkeri gerði grein fyrir yfirferð reikninga. Gjaldkeri hefur sent félögum og kallað eftir greiðslum en hann hefur ekki fengið nein svör.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:00

Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir.